

AUGLÝSING**um breyting á samþykkt um stjórn Akureyrar nr. 143 29. ágúst 1962.**

1. gr.

29. gr. A. 2. orðist svo:

Bygginganefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.

2. gr.

29. gr. A. 4. orðist svo:

Hafnarnefnd: 5 aðalmenn og 5 til vara.

Samþykktabreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. júlí 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.
AUGLÝSING**um staðfestingu á fundarsköpum fyrir hreppsnefnd
Eyrarhrepps, Norður-Ísafjarðarsýslu.**

1. gr.

Rétt til setu á fundum hreppsnefndar Eyrarhrepps eiga 7 kjörnir hreppsnefndarmenn, auk sveitarstjóra, ef hann er ráðinn.

Þeir ræða og gera ályktanir um sveitarmálefni.

Sveitarstjóri hefur ekki atkvæðisrétt á fundum, nema hann sé jafnframt kjörinn hreppsnefndarmaður.

Varamenn taka sæti á fundum í forföllum aðalmanna, samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum.

2. gr.

Fyrsta fund hreppsnefndar, að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, skal halda eigi síðar en á áttunda degi frá kjördegi.

3. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar kýs hún sér oddvita og varaoddvita, og fer um kosningu þeirra og starfstíma eftir gildandi sveitarstjórnarlögum, sem og annarra starfsmanna (nefnda), og sem hreppsnefnd kýs. Þá skal hreppsnefnd ráða sér fundarritara og varafundarritara, sem skipta með sér verkum, og skulu þeir jafnan vera úr hópi hreppsnefndarmanna.

Oddviti stjórnar fundum og sér um, að fundir fari fram í fullri reglu og eftir fundarsköpum þessum.